



# Reglur Hrunamannahrepps um heimgreiðslur

## 1. gr.

Hrunamannahreppur greiðir sérstakar heimgreiðslur til foreldra og forráðamanna barna sem ekki eru í leikskóla frá 12 mánaða aldri og þar til barni er boðin leikskóladvöl. Skilyrði fyrir greiðslum er að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi.

Heimgreiðslur eru greiddar frá þeim degi sem barn nær 12 mánaða aldri og þær falla niður þann dag sem barn hefur leikskólagöngu. Heimgreiðslur falla einnig niður ef barn fer í annars konar niðurgreidda dagvistun á vegum sveitarfélagsins. Foreldrum er skylt að tilkynna til sveitarfélagsins ef barn þeirra hefur fengið úthlutað plássi hjá dagforeldrum eða á leikskóla.

## 2. gr.

Heimgreiðslur eru kr. 110.000,- á mánuði fyrir hvert barn og fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári.

## 3. gr.

Barn og forráðamenn þess skulu hafa lögheimili og búsetu í Hrunamannahreppi. Við flutning á lögheimili úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.

## 5. gr.

Sækja skal um heimgreiðslur á umsóknareyðublaði sem nálgast má í Ráðhúsi Hrunamannahrepps.

## 6. gr.

Heimgreiðslur eru greiddar eftir á frá næstu mánaðamótum eftir að barn hefur náð tilskyldum aldri. Umsókn um heimgreiðslur þarf að berast fyrir 25. dag mánaðar fyrir komandi mánaðamót. Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar.

## 7. gr.

Forráðamenn sem skulda eldri gjöld hjá Hrunamannahreppi fá ekki greiddar út samþykktar heimgreiðslur fyrr en skuldin er að fullu greidd.

## 8. gr.

Verði um ofgreiðslur á heimgreiðslum að ræða áskilur Hrunamannahreppur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafið gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til heimgreiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

## 9. gr.

Reglur þessar eru endurskoðaðar við fjárhagsáætlunargerð hvers árs og oftast ef ástæða þykir til.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 6. október 2022 og taka gildi frá og með þeim degi.